

Skrá 11. Gestakomur

Þjóðháttskráning Þjóðminjasafnsins XI.

Inngangsorð.

Þjóðháttskráning þakkar öllum aðstoðarmönnum sínum innilega starf þeirra og óskar þeim árs og heilla. Spurningaskrá sú, sem nú heldur úr hlaði, fjallar um gesti og er frábrugðin fyrri skrá. Spurningar eru allmargar til ábendingar, en ætlast er til, að efninu séu gerð skil í samfelldri frásögn á sérstökum eyðublöðum, sem fylgja hér með. Vonar Þjóðháttskráningin, að mönnum falli sú tillöggun vel í geð.

Mikilsvert er, að spurningaskráin sé vandlega lesin yfir, áður en hafist er handa við að svara henni, og að svarið feli í sér allt, sem skrásetjari veit - eða fær upp spurt - varðandi efnið. Ekki er við það miðað, að fyrirsagnir séu notaðar í svörum, líkt og t.d. í spurningum þeim, sem fara hér á eftir.

Ekki þarf að endursenda spurningaskrána.

Gestur

Hvaða orðtök eða málshætti um gesti yfirleitt kannast menn við (Sjálfbodið er góðum gesti, Sjaldan er gagn að göngukonu verki, að gestkomu, að góúisi, Þrínættur gestur þykir verstur, Gott hús er gestum heill, Sá biður hlæjandi húsa, sem matinn hefur í malnum, Oft njóta hjú góðra gesta, Oft kemur góður, þegar getið er, svangur, þegar etið er og illur, þegar um er rætt, Glögg er gestsaugað og því glegggra sem það er heimskara t.d.)? Var orðið gestaréttur notað um forréttindi gests eða skyldur heimilis við hann?

Gestagangur

Hvaða orð voru notuð um gestagang á bæjum (gestaerill, gestagangur, gestkvæmt, gestnauð, gestastöðull, gestþröng o.s.frv.)? Hvað var sagt um bæ, sem var gestkvæmt á, öðrum fremur (að hann væri í gestgötu, þjóðbraut t.d.)?

Gestrisni

Hvaða orð voru um mismunandi (no. gestrisni, gestaníðingur, lo. gestagleiður, gestmildi t.d.)? Þekkjast sagnir um, að gestum væri úthýst?

Fyrirhyggja

Báru stofur á bæjum nafn af gestum (gestastofa, gestaherbegi)? Hvernig var búnaði þeirra háttað? Voru sérstök gestarúm á bæjum? Hvar voru gestarúm í baðstofum að jafnaði, sem næst glugga eða framstafni t.d.? Voru dæmi þess, að gestir svæfu í kirkjum eða útihúsum (skemmu, hlöðu)? Voru áhöld eða ílát sérstaklega ætluð gestum (spónn, skeið, hnífur, bolli t.d.)? Drógu þau nafn af þeim (gestaspónn, gestabolli t.d.)? Lýsið þessu. Notuðu gestir vasahníf sinn til að matast með? Var vikið að honum með ákveðnum orðum (Hefur maðurinn hníf á sér t.d.)? Voru sérstakir mataréttir, öðrum fremur, ætlaðir gestum? Hverjir? Geymdu bændur vín til að veita gestum (húsvitjanapelinn t.d.)? Voru drykkjarkönnur (gestaraun) látnar standa í bæjardyrum handa gestum og gangandi? Lýsið þeim. Þekkjast sagnir um þær? Voru bæjardyr látnar standa opnar um daga til að fagna gestum?

Fyrirboðar gestkomu

Hvernig óraði menn fyrir gestkomu í svefni eða vöku? Voru viss orð um það höfð (Það dregur úr mér allan mátt, Mér gerir leitt, Það sækir að mér t.d.)? Spáðu húsdýr gestum? Hvernig? Segið yfirleitt frá öllum fyrirboðum gestkomu. Minnst einstakra orða, sem þetta varða

(gestasvefn, gestaspjót t.d.). Boðaði það eitthvað, ef fyrsti gestur, sem kom á jólaföstu, var kona? Var haldin gestaskrá um gesti á jólaföstu? Hvað voru þeir nefndir (jólaveinar, jólameyjar t.d.)? Var dregið um þá heimilinu, er jólin gengu í garð? Hvenær? Hvernig? Boðaði það eitthvað, ef fyrsti gestur í vikunni var kona? Var fólki illa við, ef kona var fyrsti gestur eftir brottför heimilismanns í verið?

Gestkoma

Var orðið gestagelt eða mannagelt notað um það, er hundur galti að gesti, álangdar? Voru dæmi þess, að húsbænur sendu í veg fyrir ferðamenn, sem fór hjá garði, til að bjóða honum heim? Hver voru viðbrögð á bæjum, er sást til gests (lagað í rúnum, sópað gólf o.s.frv.)?

Gestur gerir vart við sig

Hvernig kvöddu gestir dyra, er enginn heimamaður var úti, og hvað var það nefnt (kveðja dyra, berja að dyrum, drepa á dyr t.d.)? Var yfirleitt ekki kvatt dyra eftir dagsetur? Hvernig var guðað á glugga (orðaval)? Hverju var svarað?

Gesti fagnað

Þótti sjálfsagt, að húsbóndinn kæmi út til að fagna gesti, ef hann átti von á honum? Hvernig fóru kveðjur fram (orðaval)? Var ókunnur gestur þeraður í ávarpi? Miðaðist ávarpið (þér, þú,) e.t.v. við stétt hans eða stöðu í þjóðfélaginu? Lýsið því. Var eitthvað sérstakt sagt, ef langt var liðið frá síðustu komu gestsins (Það eru sjáldséðir hvítir hrafnar, Á dauða mínum átti ég von en ekki þér t.d.)? Gegndi svipuðu máli um fast orðaval, ef gesturinn kom í vondu veðri (Þú stríðir í ströngu, Þú stríðir í stóru, Þú hefur setið heima sæmri daga t.d.)? Hvernig var boðið til bæjar (gesturinn fyrstur t.d.)? Höfðu gestir viss orð um það, er þeir gengu í vinnuhús (Kvikur er hver í kunnugan rann t.d.)? Var gestum sérstaklega boðið að gera sig heimakomna? Hvernig fóru kveðjur fram, ef húsllestur stóð yfir, er gestur gekk í bæinn?

Skilað kveðjum

Hvernig skilaði gestur kveðjum, sem hann var beðinn fyrir? Hvernig var svarað (Guð blessi hann (hana), hann má vera að biðja að heilsa mér t.d.)? Átti gestur að skila kveðjum, áður en hann þáði góðgerðir? Hvað var um það sagt?

Fréttir

Var venja að spyrja gest frétta? Svaraði gesturinn með föstu orðavali ef fréttafátt var (Ég verst allra frétta, allt mannheilt og skipheilt t.d.)?

Framkoma við gest

Var börnum bannað að spyrja gesti, horfa á þá um skör fram, blanda sér í samræður eða yfirleitt að láta mikið á sér bera, meðan gestir stóðu við? Þótti ósiður að spyrja gest í þaula?

Vosklæði

Voru vosklæði dregin af gestum? Hver gerði það? Hvernig voru þau þurrkuð? Voru skór bættir, ef þörf krafði?

Borðsiðir

Var fast orðaval notað, er gestum voru boðnar góðgerðir (Má ekki gera þér eitthvað gott, Þú stendur við og þiggur eitthvað t.d.)? Svaraði gesturinn einnig með föstu orðavali (Það er óþarfi, ég er ekki langt að rekinn t.d.)? Hvaða orð voru um það að bera gesti mat (vinna beina, standa fyrir beina, bera á borð o.s.frv.)? Hvernig var gestum sagt að taka til matar (Gerðu svo vel t.d.)? Hvernig svöruðu þeir (Gefðu mér í guðsfríði matinn t.d.)? Þótti óviðeigandi að bera gestum skál eða bolla barmafull? Var borðið á ílátinu nefnt gestaborð? Lásu gestir borðbæn?

Hvernig var hún? Signdu gestir sig, áður en þer tóku til matar? Hvar mötuðust gestir? Fór það eftir mannvirðingum? Hvernig var borið á borð? Sat húsbóndinn til borðs með gesti sínum? Voru dæmi þess, að heimilisfólk tæki af mat sínum handa gesti, ef hann kom, þegar búið var að skammta? Spáði það einhverju, ef gestur hnerraði yfir mat sínum (ofan í mat sinn)? Sögðu húsfreyjur eitthvað sérstakt, ef gesti svelgdist á mat (Ekki sá ég svona eftir þessu ofan í þig t.d.)? Þótti betur fara á, að gestur leifði af mat sínum? Hvaða orð voru um það (hæverskubiti, gestahæverska, gestalæti, gestasiður, að eta upp í mold t.d.)? Var orðtakið "að sitja mann af bakkastokkum" notað um það, er beðið var með að skammta, þar til gestur var farinn? Hvenær þakkaði gestur fyrir sig, um leið og hann lauk við að borða, um leið og hann fór eða hvorttveggja? Hvernig þakkaði hann fyrir sig (Guðlaun fyrir matinn t.d.)? Hvernig var svarað (Guð blessi þig, Haltu til góða, Fyrirgefðu o.s.frv.)? Var húsfreyjunni þakkað fyrr en bóndanum? Hvað var um það sagt?

Viðstaða

Voru sérstök orð eða orðtök notuð um gesti, sem stóðu stutt við (Hann rétt drakk blöndu við bæjarstaf t.d.)? Voru sérstök orð eða orðtök notuð um gesti, sem töfðu lengi (Hann ætlar að heyja frá, setjast upp, setugestur t.d.)? Var merkingarmunur á þeim? Var þett e.t.v. tengt málshættinum: Enginn ræður sínum næturstað?

Vinna skemmtun

Unnu næturgestir fyrir mat og gistingu? Hvaða verk einna helst? Báðu þeir um verk með sérstöku orðavali (Áttu ekki eitthvað handa mér til að halda á t.d.)? Fengu húsfreyjur gestum verk að vinna með svipuðum orðum? Skemmtu gestir á kvöldvökum með frásögnum, kveðskap eða lestri? Ferðuðust gestir beinlínis milli bæja í þeim tilgangi? Var gestum boðið að lesa húslesturinn? Minnst menn gesta, sem héldu sér uppi (lifðu) á því að ferðast milli bæja (flakkarar)? Segið frá þeim.

Gestaþrautir

Áttu heimili gestaþrautir (dægradvalir) gestum til skemmtunar (Högnakylfa, þankabryótur, Tyrkjabátur o.s.frv.)? Segið frá þeim og öðru, sem gestum var gert til skemmtunar.

Sæng og svefn

Hvernig var búið um rúm næturgests? Var það e.t.v. yljað með einhverjum hætti, ef kalt var í veðri? Var algengt, að húsbændur, eða aðrir gengju úr rúmi fyrir næturgesti? Hver vísaði gesti til sængur og hvað var það nefnt (fylgja til sængur, vísa til sængur t.d.)? Var fast orðaval notað, er gesti var boðin góð nótt? Hvernig? Gegndi svipuðu máli, er honum var boðinn góður dagur? Var venja að spyrja gesti, hvað þá hefði dreymt? Var meira að marka drauma á ókunnnum stöðum en öðrum? Gat gesturinn gert eitthvað til að tryggja það (telja rúður í glugga t.d.)? Var gestinum fært morgunkaffið í rúmið?

Kynnis- og orlofsgestir

Hvað nefndust ferðir manna til frænda og vina (kynnisferðir, funduferðir t.d.)? Skiptust menn á gjöfum í þeim ferðum? Hverjum helst? Hve lengi gistu menn þá að jafnaði (þrjár nætur t.d.)? Hvað nefndust þrjár gistinætur sama manns (gestanætur, orlofsnætur t.d.)? Voru orlofsferðir algengar? Hverjir fóru helst orlofsferðir?

Höfðu orlofsgestir jafnan gjafir meðferðist (orlofsgjafir)? Lýsið þeim. Voru orlofsgestir leiddir út með gjöfum?

Fararsnið

Höfðu gestir viss orðtök uppi, er þeir fóru að sýna á sér fararsnið (Það er of snemmt að biðja að lofa sér að vera t.d.)? Voru viss orðtök notuð, er gestir voru hvattir til lengri viðstöðu (Ekki gráta börnin heima, Ekki springa júgrin á kúnum, Þú nærð háttum, þótt þú dokir lengur t.d.)? Þótti sjálfsagt, að húsbóndinn fylgdi gesti til dyra? Var sagt, að húsbóndinn vildi ekki

afturkomu gests, sem hann fylgdi ekki til dyra? Var rætt um það með föstu orðavali að fylgja gesti til dyra (Ég ætla ekki að láta þig fara með vitið úr bænum, Ég ætla að reka út fylgjuna t.d.)?

Skilnaðarkveðjur

Var algengt að ríða með gesti úr hlaði eða fylgja honum á götu? Höfðu konur þá þrjóna sína meðferðis? Gerðu þær það yfirleitt, er þær gengu milli bæja? Hvernig féll skilnaðarkveðjan hjá gestinum (Vertu blessaður og sæll og feginn vil ég eiga þig að t.d.)? Hverju svöruðu húsbændur? Þekkist þessi málsháttur um vinaskilnað: Ekki veit, hvort augun sjást, er hnakkarnir skilja? Hvað var sagt um gesti, sem ræktu illa kveðjur og þakkir (Kemur eins og hundur, fer eins og hundur t.d.)?

Almennur fróðleikur um gesti Skrifðið vísur eða þulur um gesti, ef völ er á í minni manna. Segið frá minnisstæðum gestum. Segið frá gildi gesta fyrir heimili og þjóðlíf yfirleitt.